

## Frumvarp til laga um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

### I. KAFLI

#### Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið*

Lög þessi gilda um ákvörðun, álagningu og innheimtu gjalds vegna nýtingar eldissvæða undir lax- og regnbogasilungselði í sjó.

##### 2. gr.

##### *Markmið*

Gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó er lagt á í þeim tilgangi að tryggja ríkissjóði endurgjald vegna nýtingu hafsvæða innan fiskveiðilögsögu Íslands og að mæta kostnaði ríkisins við stjórnslu fiskeldis á sjó og landi.

##### 3. gr.

##### *Skilgreining*

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

- Eldi*: Geymsla, gæsla og fôðrun á fiski sem haldið er í lokuðu rými í sjó eða söltu vatni, svo sem kvíum eða lokuðum eldisbúnaði.
- Rekstrarleyfi*: Gilt leyfi sem Matvælastofnun gefur út samkvæmt lögum um fiskeldi.
- Lax*: Fiskur af tegundinni *Salmo salar*.
- Regnbogasilungur*: Fiskur af tegundinni *Oncorhynchus mykiss*.
- Ófrjór lax*: Lax sem framleiðir ekki frjóar kynfrumur.
- Lífmassi*: Lífmassi er margfeldi af fjölda og meðalþyngd eldisdýra á tilteknu eldissvæði
- Lokaður eldisbúnaður*: Eldisbúnaður þar sem fiski er haldið í lokuðu rými í sjó, vatnsskiptum er stýrt og mögulegt er að endurnýta úrgang vegna eldisins með því að fjarlægja hann úr eldisbúnaðinum. Slíkur eldisbúnaður skal standast sömu staðla og kröfur og gerðar eru til kvía sem notaðar eru í sjó.
- Sjór*: Salt vatn utan árósa, sem er sameiginleg auðlind þjóðarinnar.

### II. KAFLI

#### Ákvörðun og innheimta gjalds vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó.

##### 4. gr.

##### *Gjaldskyldir aðilar.*

Leyfishafar rekstrarleyfa, sem gefin eru út af Matvælastofnun fyrir eldi á laxi og regnbogasilungi í sjó, skulu greiða gjald svo sem segir í lögum þessum.

##### 5. gr.

##### *Reiknigrunnur og ákvörðun gjalds.*

Gjaldið er reiknað af leyfilegu framleiðslumagni miðað við hámark heimilaðs lífmassa frjós eða ófrjós lax eða regnbogasilungs í útgefnum rekstrarleyfum.

Rekstrarleyfishafi skal greiða árlegt gjald að upphæð 10.00 kr. á hvert kg. af frjóum laxi og 5.00 kr. á hvert kg. af ófrjóum laxi, regnbogasilungi og af eldi með lokuðum eldisbúnaði til ársins 2022. Frá og með árinu 2023

skal rekstrarleyfishafi greiða 15.00 kr. á hvert kg. af frjóum laxi og 7.50 kr. á hvert kg. af ófrjóum laxi, regnbogasilungi og af eldi með lokuðum eldisbúnaði.

6. gr.

#### *Álagning og innheimta gjalds*

Matvælastofnun leggur á gjöld vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Gjaldið skal ákveðið í samræmi við hámark leyfilegs framleiðslumagns gildandi rekstrarleyfa þann 1. janúar ár hvert og er gjalddagi þess 1. maí sama ár.

Rekstrarleyfishafi er ábyrgur fyrir greiðslu gjalds.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Eindagi er 14 dögum frá gjalddaga og skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá þeim tíma.

Hafi gjaldið ekki verið greitt sex mánuðum eftir gjaldaga skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi hlutaðeigandi leyfishafa úr gildi.

Kröfum um greiðslu gjalds vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó fylgir lögveð ríkissjóðs í fasteignum og lausafé rekstrarleyfishafa í fjögur ár frá gjalddaga. Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.

Matvælastofnun birtir árlega upplýsingar um álagningu gjalds vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Upplýsingar um álagningu og innheimtu gjalds vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

7. gr.

Gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó rennur í ríkissjóð.

8. gr.

#### *Rekstrarkostnaður*

Gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

### III. KAFLI

#### **Reglugerðarheimild - Gildistaka**

9. gr.

#### *Reglugerð.*

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

#### *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

### **Greinargerð.**

#### **1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Hin síðari ár hefur uppbygging fiskeldis verið umtalsverð hérlandis. Uppi eru áform um frekari uppbyggingu á tilteknum hafsvæðum og á landi og væntingar um að þessi uppbygging skili umtalsverðum tekjum, svo sem raunin er hjá nágrennaþjóðum okkar.

Markmið þessa frumvarps um gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó er að tryggja ríkissjóði endurgjald vegna nýtingu hafsvæða innan fiskveiðilögsögu Íslands og að mæta kostnaði ríkisins við stjórnslu með fiskeldi á sjó og land.

Frumvarp þetta tekur einungis til eldis í sjó við strendur landsins. Sjór er skilgreindur í frumvarpi þessu sem salt vatn utan árósa, sem telst sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Þannig er ekki gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins nái yfir eldi sem stundað er í afluktum lónum við strendur landsins, á svæðum sem lúta eignarétti einstaklinga og lögaðila og eru ekki sameiginleg eign þjóðarinnar.

Eldi í sjó við Ísland hefur takmarkast við eldi á laxi, regnbogasilungi og þorski. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eldi á laxi og regnbogasilungi lúti gjaldtöku en ekki eldi þorsks.

Gert er ráð fyrir að eldi á laxi í sjó muni bera upp aukningu á framleiðslu eldisfisks hérlendis. Gert er ráð fyrir að magn regnbogasilungs í eldi muni fara minnkandi ef fram heldur sem horfir. Ekki er þó með öllu útilokað að eldi regnbogasilungs muni aukast frá því sem nú er. Þorskeldi á Íslandi náði hámarki árið 2009 þegar framleidd voru rúmlega 1.800 tonn en nú hefur það nánast lagst af og ekki er gert ráð fyrir neinni framleiðslu næstu árin. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta taki til eldis á bleikju. Bleikjueldi hérlendis hefur um árabil verið starfrækt í vatni eða hálf söltu vatni á landi og í kvíum í lónum í einkaeigu þar sem seltustig er hæfilegt.

Sjö rekstraráðilar starfrækja eldi á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Framleiðsluheimildir þessara fyrirtækja árið 2018 eru 45.200 tonn af laxi og 2.850 tonn af regnbogasilungi.

TAFLA I. Rekstrarleyfi í gildi í september 2018 - Umsóknir um rekstrarleyfi - Framleiðsluáætlun (slátrun) árið 2018								Framleiðsla t.		Framleiðsla sem	
Kennitala	Fyrirtæki	Helstu eldissvæði	Leyfi t.		Umsóknir í t.		Áætlun 2018	Áætlun 2018	hlutfall af leyfi %	hlutfall af leyfi %	
			Lax	Regnbogi	Lax	Regnbogi	LAX	REGNBOGI	LAX	REGNBOGI	
<b>Vestfirðir</b>											
700807-0450	Arctic Sea Farm ehf.	Dýrafjörður	11.000	0	9.800	4.000	200	0	1,82	0,00	
580310-0600	Arnarlax hf.	Arnarfjörður, Tálknafjörður, Patreksfjörður	22.200	0	14.500	0	6.703	0	46,23	0,00	
641109-1770	Fjarðalax hf. (sámeinaðist Arnarlaxi hf.)										
520199-3149	Háafelli ehf. *	Ísafjörðardjúpi	0	400	6.800	0	0	192	0,00	48,00	
531011-1040	Hábrún (Sjávareldi ehf.)	Skutulsfjörður - Ísafjörðardjúpi	0	400	0	300	0	300	0,00	75,00	
650603-3030	ÍS-47	Önundarfjörður	0	50	0	1.000	0	50	0,00	100,00	
<b>Austfirðir</b>											
520412-0930	Fiskeldi Austfjarða hf.	Berufjörður	6.000	2.000	30.000	0	3.000	0	50,00	0,00	
621205-1370	Laxar Fiskeldi ehf.	Reyðarfjörður	6.000		10.000	0	1.850	0	30,83	0,00	
<b>SAMTALS</b>			<b>45.200</b>	<b>2.850</b>	<b>71.100</b>	<b>5.300</b>	<b>11.753</b>	<b>542</b>			

\* Umsókn Háafells ehf. felur í sér að ala má lax eða regnbogasilungur eða blöndu af báðum, en hámarkslífmassi má ekki fara yfir 6.800 tonn.

Í framangreindri töflu I. koma fram rekstrarleyfishafar í sjókvíeldi, framleiðslumagn skv. leyfum og umsóknum, áætlun um framleiðslu 2018 og nýtingarhlutfall rekstrarleyfa.

## 2. Tillögur starfshóps um stefnumótun í fiskeldi.

Í dag greiða fyrirtæki í sjókvíeldi ekki sérstaklega fyrir afnot þess hafsvæðis sem þau nota eða hyggjast nýta undir sjókvíeldið. Í vinnu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi, sem skilaði tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í ágúst 2017, voru lagðar fram hugmyndir um gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Í þessum tillögum var ekki gert ráð fyrir að fiskeldi sem stundað er á landi myndi greiða slíkt gjald. Starfshópurinn lagði til að gjald yrði lagt á öll eldisfyrirtæki sem nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar til starfseminnar. Í tillögum starfshópsins kom fram að gjaldið ætti að miðast við framleiðslu eldisfisks í sjó og raunverulega nýtingu þess eldisrýmis sem notað er hverju sinni. Útreikningur gjaldsins myndi þannig miðast við þyngd eldisfisks við slátrun að frádreginni þyngd (meðalstærð) seiða sem sett væru út í sjókvíar. Slík aðferð við gjaldtöku myndi fela í sér hvata til að stytta eldistíma í sjó með útsetningu á sem stærstum seiðum, sem aftur myndi lækka gjaldstofn auðlindagjaldsins. Starfshópurinn lagði fram tillögu um að gjaldið gæti orðið allt að 15 kr. á hvert framleitt kg af eldislaxi í sjó. Samkvæmt því gæti auðlindagjald skilað rúmlega 1 milljarði kr. ef framleitt magn færi yfir 67.000 tonn. Tillaga var síðan gerð um að rekstrarleyfishafar hefðu tiltekinn aðlögunartíma vegna greiðslu auðlindagjalds sem væri hæfilegur sex ár, talið frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hæfist úr eldiskvíum. Tillögur starfshópsins höfðu jafnframt að markmiði vernda villta laxastofna. Stuðla bæri að eldi á ófrjóum laxi og eldi sem byggðist á lokuðum eldisbúnaði og lagði starfshópurinn til að rekstrarleyfishafar, sem stunda eldi með lokuðum eldisbúnaði og eldi ófrjórri laxa, yrðu tímabundið undanþegnir greiðslu gjalds vegna nýtingar eldissvæða. Jafnframt var lagt til að veittur yrði helmings afsláttur á gjaldinu vegna eldis regnbogasilungs vegna verri afkomu slíks eldis. Vinnuhópurinn gekk út frá því í tillögu sinni að stærstur hluti gjaldsins rynni til uppbyggingar innviða á þeim svæðum þar sem sjókvíeldi er stundað, sem nýtast myndi m.a. við uppbyggingu fiskeldis á sömu svæðum. Hér var einkum horft til uppbyggingar samfélagslegrar þjónustu og samgangna á svæðum þar sem eldi fer fram í sjókvíum. Jafnframt var horft til þess að hluta auðlindagjalds yrði ráðstafað sem framlag til Umhverfissjóðs sjókvíeldis í því skyni að efla vöktun og rannsóknir í fiskeldi.

Frumvarp það sem hér er lagt fram byggir að hluta til á tillögum framangreinds starfshóps hvað varðar fyrirkomulag gjaldtöku. Í frumvarpinu er ekki farin sú leið að miða við raunverulega framleiðslu eldisfisks í sjó

og raunverulega nýtingu þess eldisrýmis sem notað er hverju sinni heldur er lagt til að gjaldið miðist við hámarks leyfilegt framleiðslumagn eldisfisks í sjó eins og það er tilgreint í rekstrarleyfum. Ástæða þessa er sú að þessi aðferð er einföld í framkvæmd og hvetur rekstrarleyfishafa til að nýta framleiðsluheimildir útgefna rekstrarleyfa. Ekki er heldur lagt til í frumvarpinu að veittur verði tiltekinn frestur á greiðslu gjalds talið frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hefst úr eldiskvíum þess í stað er gert ráð fyrir að gjaldtaka hefjist árið 2020 og gjaldið verði orðið 15 kr. á hvert kg. af frjóum laxi árið 2023. Ekki er lagt til í frumvarpi þessu að innheimt gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó verði ráðstafað til uppbyggingar innviða á þeim svæðum sem nýtast myndu við uppbyggingu fiskeldis eða til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis til þess að efla vöktun og rannsóknir í fiskeldi. Frumvarpið gerir á móti ráð fyrir því að gjaldi vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó renni óskipt í ríkissjóð í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál.

### 3. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Það er markmið þessarar lagasetningar að tryggja tryggja ríkissjóði endurgjald vegna nýtingar hafsvæða undir lax- og regnbogasilungselði innan fiskveiðilögsögu Íslands. Í dag greiða fyrirtæki í sjókvíaeldi ekki sérstaklega fyrir afnot þess hafsvæðis sem þau nota eða hyggjast nýta undir sjókvíaeldi. Með frumvarpinu, ef það verður að lögum, mun rekstrarleyfishafi greiða gjald fyrir þessi afnot. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið renni óskipt í ríkissjóð í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að innheimt gjald renni í ríkissjóð er við það miðað að stjórnvöld tryggi með fjárframlögum framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar sem sett er fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 30. nóvember 2017 en þar segir:

*„Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýrtruðu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríkið. Eftir því sem fiskeldinu vex fiskur um hrygg þarf að ræða framtíðarfyrirkomulag gjalddöku vegna leyfisveitinga.“*

Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnarinnar felur í sér að styrkja þarf lagaumgjörð fiskeldis þannig að íslensku fiskeldi séu sköpuð bestu möguleg skilyrði til uppbyggingar og það verði þannig sterk og öflug atvinnugrein jafnframt því að stuðla að ábyrgu fiskeldi, þar sem sjálfbær þróun og vernd lífríkis er höfð að leiðarljósi á grundvelli vísinda og rannsókna. Þessi stefna stjórnvalda kallar meðal annars á öflugt og skilvirkt eftirliti með fiskeldi. Í samræmi við framangreinda stefnu lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram á 149. löggjafarþing 2018–2019 frumvarp til laga um breytingar á núgildandi lögum um fiskeldi. Markmið þessarar lagasetningar er að hrinda í framkvæmd framangreindri stefnu stjórnvalda um fiskeldi. Í ljósi þessara sjónarmiða er sérstaklega áréttað í 2. gr. þessa frumvarps að markmið lagasetningarinnar sé m.a. að mæta kostnaði ríkisins við stjórnsýslu vegna fiskeldis.

Stjórnvöld leggja áherslu á, í samræmi við framangreinda stefnu, að löggjöf um fiskeldi hafi það að markmiði að vernda villta stofna. Þannig beri að stuðla að eldi á ófrjóum laxi og eldi sem byggist á lokuðum eldisbúnaði. Í samræmi við framangreint er í frumvarpinu gert ráð fyrir að eldi í sjókvíum á ófrjóum eldisfiski og eldi með lokuðum eldisbúnaði greiði hálf gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Markmið þessa er að hvetja til eldis ófrjórna laxa og eldis með lokuðum eldisbúnaði, þar sem vernd lífríkis er höfð að leiðarljósi.

### 4. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að leyfishafar gildandi rekstrarleyfa í sjókvíaeldi útgefnum af Matvælastofnun greiði gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Rekstrarleyfishafar sem ala lax og regnbogasilung greiða gjaldið. Eldi á öðrum tegundum er undanskilið gjaldinu.

Gjaldið er skilgreint sem afgangur vegna nýtingar hafsvæða. Miðað er við að sjór sé salt vatn utan árósa og sé sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Þannig er ekki gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafi sem elur fisk í ferskvatni eða söltu vatni innan lóna sem er eign einstaklinga eða lögaðila greiði umrætt gjald.

Rekstrarleyfishafar greiði gjald sem miðað er við leyfilegt hámarks framleiðslumagn eldisfisks í sjó eins og það er tilgreint í rekstrarleyfum. Miðað er við að gjaldtaka hefjist árið 2020 og fari stighækkandi. Þannig er gert ráð fyrir árlegu gjald að upphæð 10.00 kr. á hvert kg. af frjóum laxi og 5.00 kr. á hvert kg af ófrjóum laxi, regnbogasilungi og af eldi með lokuðum eldisbúnaði til ársins 2022. Frá og með árinu 2023 skal rekstrarleyfishafi

greiða 15.00 kr. á hvert kg. af frjóum laxi og 7.50 kr. á hvert kg af ófrjóum laxi, regnbogasilungi og af eldi með lokuðum eldisbúnaði.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir að þeir rekstrarleyfishafar sem stunda eldi á regnbogasilungi og eldi á ófrjóum laxi sem ekki getur fjölgað sér í veiðiam greiði einungis helming þess gjalds sem rekstrarleyfishafar í laxeldi greiða. Sama á við um rekstrarleyfishafa sem stunda eldi með lokuðum eldisbúnaði sem mögulega hefur minni umhverfisáhrif en opnar sjókvíar. Markmið lægra gjalds er því að hvetja til eldis á ófrjóum laxi, regnbogasilungi og eldis með lokuðum eldisbúnaði.

Matvælastofnun leggur á gjöld vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði ákveðið miðað við leyfilegt framleiðslumagn gildandi rekstrarleyfa þann 1. janúar ár hvert og er gjalddagi gjaldsins fjórum mánuðum síðar eða 1. maí sama ár. Rekstrarleyfishafi er ábyrgur fyrir greiðslu gjaldsins en innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjaldið og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess. Gjaldið rennur í ríkissjóð í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál.

## 5. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Þeim gjöldum sem ríkið og sveitafélög leggja á má skipta í þrennt: í fyrsta lagi skatta, í öðru lagi þjónustugjöld og í þriðja lagi tekjur hins opinbera af eignum sínum. Mögulega má líta svo á að gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó sé á mörkum skattlagningar og gjalds sem heimt er af eign þjóðarinnar, þar sem löggjafinn og íslenska ríkið fara með umboð hennar. Hvað sem þessu líður sýnist eðlilegt að ganga úr skugga um að álagning gjalds vegna nýtingar eldissvæða í sjó uppfylli þær réttaröryggiskröfur sem gerðar eru samkvæmt stjórnarskrá um álagningu skatta. Af stjórnarskránni leiðir að löggjafanum er skylt að leggja skatta á eftir almennum efnislegum mælikvarða þar sem gætt er jafnræðis gagnvart skattborgurum. Séu þessi grundvallarsjónarmið virt hafa dómstólar játað löggjafanum verulegt svigrúm til að ákveða hvernig skattlagningu skuli háttáð í einstökum atriðum. Í 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar segir annars vegar að engan skatt megi leggja á né breyta né af taka nema með lögum, og hins vegar að skattamálum skuli skipað með lögum. Ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þá verði enginn skattur lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

Til þess er fyrst að taka að með frumvarpi þessu er lagt til að settar verði skýrar og fyrirsjáanlegar reglur um ákvörðun, álagningu og innheimtu gjalds vegna nýtingar eldissvæða í sjó. Í frumvarpinu er tilgreint hverjir eru gjaldskyldir aðilar og útlistað hvernig fjárhæð gjaldsins er ákveðin. Þá hafa stjórnvöld, þ.e. ráðherra, Matvælastofnun og embætti ríkisskattstjóra, ekki með höndum verkefni sem fela í sér framsal valds í bága við framangreind stjórnarskrárákvæði. Þessi stjórnvöld fá ekki heimild eða svigrúm til að móta álagningu gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó á grundvelli opinna matskenndra sjónarmiða sem leidd yrðu af tilgangi laga eða ólögfestum reglum um stjórnvaldsathafnir, sbr. hins vegar t.d. Hrd. 1999, bls. 3780 (sjóðagjöld í landbúnaði).

Þá verður því ekki haldið fram að gjald vegna nýtingar eldissvæða í sjó geti talist fara í bága við bann stjórnarskrárinnar við afturvirkni skattalaga.

## 6. Samráð.

Frumvarpið var birt til samráðs á vef Stjórnarráðsins.

## 7. Mat á áhrifum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrarleyfishafar greiði gjald í samræmi við tiltekna krónutölu á hvert kg. í rekstrarleyfi. Upphæðir eru tilgreindar í 5. gr. frumvarpsins. Áætla má mögulegar tekjur ríkissjóðs vegna gjaldsins út frá áætlun um framleiðslumagn útgefina rekstrarleyfa.

Áætlunin í töflu II. miðast við árlegt leyfilegt heildarframleiðslumagn í rekstrarleyfum til sjókvíaeldis í tonnum talið annars vegar á frjóum laxi og hins vegar á regnbogasilungi.

Tafla II. Áætlað framleiðslumagn rekstrarleyfa í tonnum

Tegund/Ár	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Frjór lax	61.000	66.000	69.000	69.000	71.000	71.000
Regnbogi	3.000	2.500	2.000	2.000	2.000	2.000
Samtals	64.000	68.500	71.000	71.000	73.000	73.000

Í töflu III. eru reiknaðar tekjur af gjaldinu miðað við áætlað framleiðslumagn í töflu II.

**Tafla III. Tekjur af gjaldi í m. kr.**

Tegund/Ár	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Frjór lax	610	660	690	1.035	1.065	1.065
Regnbogi	15	12.5	10	15	15	15
<b>Samtals</b>	<b>625</b>	<b>672.5</b>	<b>700</b>	<b>1.050</b>	<b>1.080</b>	<b>1.080</b>

Gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó er ákveðin krónutala á hvert kg. hámarks leyfilegs framleiðslumagn eldisfisks í rekstraraleyfi. Ákvörðun álagningar er einföld og kostnaður Matvælastofnunar við álagningu því óverulegur. Gert er ráð fyrir að Innheimtumenn ríkissjóðs innheimti gjaldið og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess og ætti því kostnaður við innheimtu gjaldsins jafnframt að vera óverulegur þar sem núverandi innheimtukerfi ríkissjóðs verður nýtt við innheimtu gjaldsins. Gera má ráð fyrir að fjöldi greiðenda gjaldsins verði innan við tíu talsins sem gerir umfang innheimtunnar lítið.

Gjöld geta takmarkað olbogarámi til fjárfestinga og framkvæmda fyrirtækja sem getur haft nokkur neikvæð áhrif til lengri tíma lítið. Þar sem fyrirtæki í sjókvíaeldi standa í mikilli uppbyggingu er nauðsynlegt að fyrirtækin fái svigrúm til þess að styrkja stöðir sínar og að álagning gjalds vegna nýtingar stöðvi ekki frekari uppbyggingu og fjárfestingar. Í skýrslu starfshóps um stefnumótun í fiskeldi var á það bent að engin trygging væri fyrir því að markaðsverð á laxi héldist jafnhátt og raunin hefur verið. Á það var bent að óvissa væri um verðþróun eldisafurða á næstu árum. Starfshópurinn benti á að ef auðlindagjald væri hátt ákvarðað gæti lægra verð fyrir laxaafurðir skert samkeppnisstöðu innlendra eldisfyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Starfshópurinn lagði því til að auðlindagjald geti verið allt að 15 kr. á hvert framleitt kg af eldislaxi í sjó. Í frumvarpinu er komið til móts við þessi sjónarmið starfshópsins og lagt til, þegar löggin eru að fullu komin til framkvæmda árið 2023, að gjaldið verði það sama og lagt var til í skýrslu starfshópsins eða 15.00 kr. á hvert kg. af frjóum laxi. Í frumvarpinu er áréttað að gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó teljist rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þannig gera ákvæði 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ráð fyrir að rekstrarleyfishafi geti lækkað gjaldstofn tekjuskatts með slíkum frádrætti. Þessar heimildir skattalaga gera fjárhagsleg áhrif gjaldsins óljósari en ella hefði orðið án þessarar heimildar skattalaga.

Frumvarpið getur haft jákvæð óbein áhrif á umhverfi og sjálfbærni villtra laxastofna vegna afsláttar rekstrarleyfishafa, sem stunda eldi á ófrjóum laxi og eldi með lokuðum eldisbúnaði, á gjaldinu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um gildissvið laga um gjalddöku vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Í greininni er skýrt kveðið á um það að gjaldið er greitt vegna eldis á laxi og regnbogasilungi í sjó en ekki vegna annarra fisktegunda. Frumvarp tekur einungis til eldis í sjó við stendur landsins. Sjór er skilgreindur í frumvarpi sem salt vatn utan árósa, sem telst sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Þannig er ekki gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins nái yfir eldi sem stundað er í lónum, sem lúta eignarétti einstaklinga og lögaðila.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir tveimur meginmarkmiðum með álagningu gjalds á fiskeldisfyrirtæki, þ.e. að tryggja ríkissjóði endurgjald vegna nýtingar hafsvæða innan fiskveiðilögsögu Íslands og að mæta almennt kostnaði ríkisins við stjórnsýslu fiskeldis.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind þau hugtök sem ákvæði þessa frumvarps snerta sérstaklega. Þær skilgreiningar eru sniðnar að notkun þeirra í frumvarpinu og hafa ekki gildi út fyrir það.

Um 4. gr.

Hér er greint því frá því hverjir er gjaldskyldir aðilar en það eru einstaklingar eða lögaðilar sem fá úthlutað rekstrarleyfum til lax- og regnbogasilungseldis í sjó.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um það með hvaða hætti er staðið að ákvörðun á gjaldi vegna nýtingar eldissvæða í sjó. Gjaldið er reiknað af hámarks leyfilegu framleiðslumagni miðað við lífmassa lax eða regnbogasilungs í útgefnum rekstrarleyfum. Hafi Matvælastofnun takmarkað eldi á frjóum laxi í útgefnu rekstrarleyfi í samræmi við útgefið áhættumat erfðablöndunar skv. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, greiðir rekstrarleyfihafi gjald í samræmi við leyfilegt eldismagn samkvæmt þeirri ákvörðun Matvælastofnunar. Gjald hækkar 2023, en þá verður gjaldið 15.00 kr. á hvert kg. en breytist ekki frá þeim tíma skv. frumvarpinu. Gjald vegna regnbogasilungs, ófrjós lax í eldi og eldis með lokuðum eldisbúnaði er ákveðið 7.50 kr. á hvert kg. frá sama tíma. Skilgreiningar á því hvað sé ófrjór lax og lokaður eldisbúnaður koma fram í 3. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtu álagðra gjalda. Matvælastofnun leggur á gjöld vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó. Miða skal við hámarks framleiðslumagn gildandi rekstrarleyfa þann 1. janúar ár hvert og er gjalddagi gjaldsins 1. maí sama ár og eindagi 14 dögum seinna. Gjaldið miðast við hámark leyfilegrar framleiðslu í rekstrarleyfi en ekki eiginlega nýtingu leyfisins.

Um 7. gr.

Gjald vegna nýtingar á eldissvæðum í sjó rennur í rikissjóð. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við lög nr. 123/2015, um opinber fjármál.

Um 8. gr.

Rétt þykir, til að eyða vafa, að taka að fram að greidd gjöld skuli talin til rekstrarkostnaðar í skilningi tekjuskattslaga.

Um 9. gr.

Í greininni er heimild til ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, ef þörf er á.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki gildi 1. janúar 2020. Gert er ráð fyrir að fyrsta álagning miðist við hámark leyfilegs framleiðslumagns rekstrarleyfa 1. janúar árið 2020 og fyrsti gjalddagi sé 1. maí sama ár og eindagi 14 dögum síðar.